

TÍMARIT LÖGFRÆÐINGA

VERKLAGS- OG RITRÝNIREGLUR

I. INNGANGUR

Hér á eftir fara verklags- og ritrýnireglur Tímarits lögfræðinga sem gilda frá og með 72. árg. 2022. Eru þær ætlaðar væntanlegum greinarhöfundum, ritrýnum og öðrum þeim sem áhugasamir eru um Tímarit lögfræðinga. Með reglunum er leitast við að hafa á einum stað allt það sem máli skiptir varðandi verklag og gæðakröfur tímaritsins.

Allar athugasemdir, ábendingar eða tillögur varðandi reglurnar eru vel þagnar og óskast sendar ritstjóra.

II. ALMENNT UM TÍMARIT LÖGFRÆÐINGA

Tímarit lögfræðinga er leiðandi innlent lögfræðitímarit sem þjónar staðbundnu vísindasamfélagi á sviði íslenskrar lögfræði. Þar eru birtar ritrýndar fræðilegar greinar sem uppfylla fyllstu kröfur um vísindaleg vinnubrögð og nýnæmi. Tímaritið er gefið út fjórum sinnum á ári. Hægt er að kaupa stök hefti eða áskrift að prentútgáfu tímaritsins á skrifstofu útgefanda, Lögfræðingafélags Íslands. Þá er hægt að kaupa stök hefti frá 55. árg. 2005 í vefverslun félagsins og áskrift að rafrænni útgáfu þess. Einnig er hægt að kaupa áskrift í gegnum gagnagrunn Fons Juris. Loks eru eldri árgangar tímaritsins aðgengilegir á vefsíðunni Tímarit.is frá 1. árg. 1951 til 54. árg. 2004.

Tímaritið ber ISSN-númerið 0493–2714. Þá fá allar greinar sem birtast í tímaritinu sérstakt DOI-númer (frá og með 3. hefti 71. árg. 2021). Útgefandi er Lögfræðingafélag Íslands, félagasamtök lögfræðinga á Íslandi. Ritstjóri er Sindri M. Stephensen, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Framkvæmdastjóri er Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari. Afgreiðslu annast Margrét Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Lögfræðingafélags Íslands, Álftamýri 9, 108 Reykjavík, sími 568 0887, netfang: skrifstofa@logfraedingafelag.is. Tímaritið er sem stendur metið til 10 stiga í flokki A4.3 samkvæmt matskerfi opinberra háskóla.

Tímarit lögfræðinga er byggt upp með eftirfarandi hætti:

(1) *Ritstjórnargreir*. Í upphafi hvers heftis er að finna ritstjórnargrein um valið efni líðandi stundar. Ritstjórnargreinar eru allar ritaðar af ritstjóra tímaritsins nema annað sé ákveðið.

(2) *Fræðilegar greinar*. Meginuppistaða efnis í Tímarit lögfræðinga eru fræðilegar greinar á sviði lögfræði sem eru taldar fullnægja þeim gæðakröfum sem lagðar eru til grundvallar við útgáfu ritsins. Greinar sem falla í þennan flokk eru ritrýndar og er það tilgreint sérstaklega. Frá 3. hefti 53. árg. 2003 eru fræðilegar greinar merktar með táknuinu ® í lok greinar, en frá og með 2. hefti 57. árg. 2007, eru þær merktar sérstaklega í fyrstu neðanmálgrein með eftirfarandi hætti: „Grein þessi hefur staðist þær fræðilegu kröfur sem gerðar eru samkvæmt verklags- og ritrýnireglum Tímarits lögfræðinga.“ Í hverju hefti tímaritsins eru birtar um tvær til fjórar fræðilegar greinar, eða samtals um átta til 16 fræðilegar greinar á ári.

(3) *Aðrar greinar*. Tímarit lögfræðinga er einnig vettvangur fyrir starfandi lögfræðinga, þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í fræðimennsku á sviði lögfræði eða vilja birta smærri verk um ýmis atriði á fræðasviðinu, t.d. nýlega löggjöf, úrlausnir úr réttarframkvæmd eða réttarpólitísk viðfangsefni.

(4) *Með og á móti*. Tímarit lögfræðinga hvetur til rökræðu á meðal lögfræðinga um áhugaverð álitafni. Í því skyni leitast ritstjóri við að fá lögfræðinga til að fjalla um valin efni. Einkum er þá gerð tilraun til að fá þátttakendur til að setja fram röksemdir sem kunna ef til vill að leiða til ólíkra niðurstaðna. Stefnt er að því að dálkurinn *Með og á móti* birtist a.m.k. einu sinni á ári.

(5) *Á við og dreif*. Tímarit lögfræðinga er vettvangur fyrir almenna miðlun áhugaverðra upplýsinga fyrir lögfræðinga og aðra áhugamenn um lögfræði, t.d. um laganám, starfsvettvang lögfræðinga og félagsstarfsemi þeirra. Í því skyni eru reglulega birtar upplýsingar um t.d. aðalfundi fagfélaga lögfræðinga og málþing og ráðstefnur innanlands og utan, auk ýmissa upplýsinga sem berast frá lagaskólum.

Tímarit lögfræðinga birtir fyrst og fremst efni sem ritað er á *íslensku*. Ritstjóri getur einnig heimilað birtingu efnis sem ritað er á *ensku* og varðar efni sem þýðingu hefur fyrir íslenskt lögfræðisamfélag, einkum á sviði EES-réttar og þjóðaréttar. Það sama gildir um greinar sem ritaðar eru á *Norðurlandamáli* í ljósi þeirra ríku tengsla sem standa á milli löggjafar og réttarframkvæmdar á Norðurlöndunum og þarfar á rannsóknum sem að því snúa, t.d. í tengslum við réttarsögu eða samanburðarétt.

III. VERKLAGSREGLUR FYRIR HÖFUNDA UM FRÁGANG HANDRITA

Handrit skulu berast til ritstjóra með rafrænum hætti á netfangið sindris@ru.is. Handrit skulu send á [Word-skjali](#) í þeim búningi sem áskilið er í verklagsreglum þessum. Þess er óskað að greinarhöfundar leitist eins og kostur er við að fylgja eftirfarandi verklagsreglum við frágang handrita og geta höfundar stuðst við sérstakt *formskjál* í því samhengi sem aðgengilegt er á vefsíðu tímaritsins:

A) Atriði tengd uppsetningu

1. Blaðsíðutal skal tilgreint neðst á síðu og til hægri á oddatölum en til vinstri á sléttum síðum með letrinu *Palatino* í 11,5 punkta letri.
2. Efst á upphafssíðu ritstjórnarpistils, fræðigreina og annarra greina (í *header*) skal tilgreina heiti tímaritsins, hefti, árgang og ártal, upphafs- og lokasíðu, ISSN-númer og DOI-númer með eftirfarandi hætti: Tímarit lögfræðinga, 3. hefti 71. árg. 2021, bls. 331–361, ISSN 0493–2714, DOI: <https://doi.org/10.33112/tl.71.3.2>. Skal texti þessi miðjusettur.
3. Á næstu síðum fræðigreina og annarra greina skal efst (í *header*) tilgreina í 10,0 punkta letri nafn höfundar, eins eða fleiri, á oddatölum (t.d. Gunnar Atli Gunnarsson) og titil fræðigreinar (aðeins yfirheiti ef titill er langur) á sléttum síðum (Skipting sakarefnis).

B) Almenn atriði um leturgerðir og leturstærðir

1. Allur texti greina skal vera ritaður með letrinu *Palatino Linotype*.
2. Meginmál skal ritað með 11,5 punkta letri.
3. Inndreginn texti, sjá nánar lið D, skal ritaður með 10,5 punkta letri.
4. Neðanmálgreinar, sjá nánar lið H, skulu ritaðar með 10 punkta letri.

C) Upphafssíða, heiti höfundar og greinar, efnisyfirlit

1. Efst á síðu skal vera stutt lýsing á starfsheiti höfundar. Hafi hann ekki áður ritað í Tímarit lögfræðinga, eða séu liðin a.m.k. fimm ár frá síðustu skrifum, skal einnig lýsa stuttlega starfsreynslu höfundar í tveimur til þremur málsliðum.
2. Nafn höfundar skal rita efst á upphafssíðu með 11,5 punkta letri í lágstöfum og skal tvípunktur fylgja nafni (t.d. Jón Jónsson:).
3. Heiti greinar skal vera beint fyrir neðan höfundarnafn og skal ritað með hástöfum (t.d. LÖGMÆTISREGLAN) og vera í 10,5 punkta letri.
4. Beint fyrir neðan heiti greinar skal vera efnisyfirlit, en það orð skal rita með hástöfum í 10,5 punkta letri og skal því fylgja tvípunktur, EFNISYFIRLIT:
5. Grunnfyrirsagnir í efnisyfirliti skulu ritaðar í hástöfum og 10,5 punkta letri. Nota skal arabíska stafi (1,2,3) en ekki rómverska (I,II,III). Þær skulu inndregnar með eftirfarandi hætti: Format, Paragraph, Hanging 6.3 mm. EKKI skal fylgja punktur á eftir grunnfyrirsögnum.
6. Millifyrirsagnir skal rita með lágstöfum og 11,5 punkta letri með forminu (1.1, 2.1 o.s.frv.). Þær skulu inndregnar með eftirfarandi hætti: Format, Paragraph, Indentation, Left 6,3 mm (og) Hanging 6,3 mm. EKKI skal fylgja punktur á eftir millifyrirsögnum.
7. Undirfyrirsagnir skal rita með lágstöfum og 11,5 punkta letri með forminu a), b), c) o.s.frv). Þær skulu inndregnar með eftirfarandi hætti: Format, Paragraph,

Indentation, Left 6,3 mm (og) Hanging 6,3 mm. Ekki skal fylgja punktur á eftir millifyrirsögnum.

8. Ekki skal miðja texta í efnisyfirliti.

D) Meginmál

1. Um form og leturgerð grunn-, milli- og undirfyrirsagna í meginmáli gilda sömu reglur og fram koma í liðum 5–7 í lið B hér á undan. Ekkert línubil skal vera á milli grunnfyrirsagna og millifyrirsagna. Einfalt línubil skal vera á milli millifyrirsagna og undirfyrirsagna.
2. Grunn-, milli- eða undirfyrirsagnir skulu ekki inndregnar.
3. Grunnfyrirsagnir eru hvorki **feit**letraðar né *skáletraðar*. Milli- og undirfyrirsagnir eru *skáletraðar*.
4. Fyrsta málsgrein undir fyrirsögn í meginmáli er ekki inndregin. Næsta málsgrein undir sömu fyrirsögn er inndregin með eftirfarandi hætti: Format, Paragraph, Indentation Left, 6,3 mm. Fyrsta málsgrein á eftir inndregnum texta skal inndregin með sama hætti.
5. Inndreginn texti í meginmáli skal vera í 10,5 punkta letri. Draga skal inn með eftirfarandi hætti: Format, Paragraph, Indentation Left, 8,5 mm.

E) Heimildaskrár

1. Öllum fræðilegum greinum skal fylgja heimildaskrá. Ekki er áskilið að slík skrá fylgi öðrum greinum nema fjöldi og mismunandi tegundir heimilda séu það margar að slíkt teljist nauðsynlegt að mati ritstjóra.
2. Nota skal fyrirsögnina: HEIMILDASKRÁ, sem rituð er með hástöfum í 10,5 punkta letri og skal henni fylgja tvípunktur.
3. Lista heimilda skal setja upp með eftirfarandi hætti: Format, Paragraph, Hanging 6,3 mm.
4. Listi heimilda skal allur vera í 10 punkta letri.
5. Ef listi yfir úrlausnir úr réttarframkvæmd, innlendri eða erlendri, t.d. dóma, fylgir heimildaskrá skal útbúa undirfyrirsögn sem er skáletruð, t.d. *Hæstaréttardómar*. Bil skal vera á milli slíkra skráa í heimildaskrá. Úrlausnirnar skulu ekki skáletraðar.

F) Ágrip og lykilorð

1. Öllum greinum skal fylgja ágrip á íslensku, ensku og eftir atvikum Norðurlandamáli.
2. Fyrir ágrip á íslensku skal nota heiti greinar í fyrirsögn, sem rituð er með hástöfum í 10,5 punkta letri.
3. Á eftir fyrirsögn skal rita heiti höfundar og starfsheiti (t.d. *Jón Jónsson, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands*) í 10 punkta letri, skáletrað. Bil skal vera á milli fyrirsagnar og nafns.

4. Á eftir nafni höfundar skal rita fyrirsögnina: *Útdráttur*, í 10 punkta lettri, skáletrað, og skal henni fylgja tvípunktur. Bil skal vera á milli nafns og útdráttar.
5. Á eftir nafni skal rita útdrátt í 10 punkta lettri, að hámarki 250 orð að lengd.
6. Á eftir útdrætti skal rita 4–8 lykilorð sem varpa ljósi á efnistöð greinar, réttarsvið, álitæfni o.s.frv. í 10 punkta lettri.
7. Fyrir ágríp á ensku og eftir atvikum Norðurlandamáli skal fylgja liðum 2–6 hér á undan, að því undanskildu að þá skal rita heiti greinar á ensku/Norðurlandamáli, starfsheiti höfundar skal einnig vera á ensku og útdráttur ber þá heitið *Abstract/Abstrakt*. Bil skal vera á milli útdrátta.

G) Ritreglur

1. Nota skal tilstrik (millilangt strik) á milli númera og upptalningaratriða, t.d. 2022–2023. Þankastrik í texta eða heimildaskrá skulu vera hefðbundin (— löng strik).
2. Almennt skal nota íslenskar gæsalappir („Hæstiréttur“), þótt einfaldar gæsalappir („æðri dómur“) séu notaðar utan um einstök orð, eða þegar nota þarf gæsalappir innan beinnar tilvitnunar.
3. Styttri beinar tilvitnanir skulu felldar inn í meginmál með gæsalöppum (án áherslubreytingar), en þær lengri skulu inndregnar í smærri leturgerð eins og greinir í lið 5 í lið D hér á undan (án frekari áherslubreytingar).
4. Úrfellingar úr tilvitnun skulu auðkenndar með úrfellingarpunktum (e. ellipsis, tákni sem samsett er úr þremur punktum með hæfilegu bili) innan hornklofa ([...]). Aðrar breytingar og viðbætur skulu auðkenndar með notkun hornklofa.
5. Breyti höfundur leturgerð beinnar tilvitnunar til áherslu skal notast við skáletrun og tiltaka það eftir að tilvitnun lýkur („...“ [Leturbr. höf.]).
6. Almennt skal nota skammstafanir í neðanmálgreinum en eftir atvikum skrifa þær út í meginmáli.
7. Að öðru leyti vísast til þeirra íslensku ritreglna sem gilda á hverjum tíma, sbr. [auglýsingu nr. 800/2018 um setningu íslenskra ritreglna](#).

H) Tilvísanir til heimilda í meginmáli

1. Í meginmáli skal vísa til heimilda neðanmáls. Staðsetja skal neðanmálgrein á eftir lokapunkti málsliðar og eftir að beinni tilvitnun lýkur. Fyrsta tilvísun til heimildar neðanmáls skal innihalda allar bókfræðilegar upplýsingar, en síðari tilvísanir skulu vera knappari og samræmdar. Heimilt er að nota skammstöfunina „*ibid.*“ (í sama heimild) til að vísa í neðanmálgrein til heimildar sem vísað er til í undanfarandi neðanmálgrein. Þá er heimilt að nota „*op.cit.*“ (í tilvitnuð heimild) til að vísa til verks höfundar sem vísað er til í fyrri neðanmálgrein. Séu höfundar að tilvitnaðri heimild fleiri en tveir skal aðeins geta um nafn þess höfundar sem fyrst er getið að viðbættu „o.fl.“ Fleiri heimildir í neðanmálgrein skal aðskilja með semíkommu (;).

2. Allar tilvísanir til úrlausna úr réttarframkvæmd, hvort sem er í meginmáli eða í neðanmálgreinum, skulu vera *skáletraðar*. Gæta skal fyllstu nákvæmni við tilvísun til slíkrar úrlausnar og vísa til tölusettrar málgreinar sé slíku til að dreifa.
3. Vísa skal til hæstaréttardóma, hvort sem er í meginmáli eða neðanmálgreinum, með eftirfarandi hætti: (1) Þegar dómur hefur verið birtur í dómasafni Hæstaréttar (til 31. desember 1998): *H 1999:2015*. (2) Þegar dómur hefur verið birtur í dómasafni Hæstaréttar, en er auk þess birtur á [vefsíðu Hæstaréttar](#) (frá 1. janúar 1999 til 31. desember 2006): *H 1999:2015 (124/1998)*. (3) Hafi dómur ekki verið birtur í dómasafni Hæstaréttar, en er að finna á heimasíðu Hæstaréttar (frá 1. janúar 2007): *H 1. júní 2005 (144/2004)*. Gæta skal fyllstu nákvæmni við tilvísun til dóma og vísa til kafla og eftir atvikum málgreinar eða tölusettrar málgreinar (í hæstaréttardómum frá 18. mars 2021) þar sem við á. Ef vísað er til stakrar málgreinar skal gert með eftirfarandi hætti: *H 34/2020*, mgr. 24–27 (ef vísað er til fleiri en einnar málgreinar), eða *H 14/2021*, 7. mgr. (ef vísað er til stakrar málgreinar).
4. Vísa skal til úrlausna Landsréttar (dóma og úrskurða), hvort sem er í meginmáli eða neðanmálgreinum, með eftirfarandi hætti: *L 11. febrúar 2022 (457/2020)*, mgr. 14–22, eða *L 11. febrúar 2022 (455/2020)*, 25. mgr.
5. Vísa skal til úrskurða Endurupptökudóms, hvort sem er í meginmáli eða neðanmálgreinum, með eftirfarandi hætti: *E 9. mars 2023 (29/2022)*, mgr. 14–23, eða *E 9. mars 2023 (29/2022)*, 22. mgr.
6. Vísa skal til úrlausna héraðsdóms (dóma og úrskurða) með eftirfarandi hætti: *Hd. Reykjavíkur 1. júní 2005 (E-2566/2004)*.
7. (1) Ef álit umboðsmanns Alþingis er birt í [heild sinni](#) í skýrslu umboðsmanns, og jafnframt birt á [vefsíðu embættisins](#) skal vísa með eftirfarandi hætti til þess í meginmáli og neðanmálgreinum: *álit UA 1. júlí 2008 (444/2007) (SUA 2008:332)*. (2) Hafi álit ekki verið birt í heild sinni skal vísa með eftirfarandi hætti til þess: *álit UA 1. júlí 2008 (444/2007)*.
8. Í meginmáli gæti [fyrsta tilvísunin](#) til úrlausnar Mannréttindadómstóls Evrópu verið svona: Í *dómi Mannréttindadómstóls Evrópu* (eða skammstafað *MDE*) í *Göktan gegn Frakklandi* kemur fram [...]. Í [næstu tilvísun](#) til sömu úrlausnar í meginmáli nægir að vísa til *Göktan-málsins*. Að loknum þeim málsliðum þar sem vísað er til úrlausnarinnar skal hafa tilvísun til neðanmálgreinar. (1) Hafi úrlausn Mannréttindadómstólsins verið birt í ársskýrslum hans frá árunum 1998–2007 skal í [fyrsta skipti](#) vísað í heild sinni til sömu úrlausnar með eftirfarandi hætti: *Göktan gegn Frakklandi, 33402/96, ECHR 2002-V, 5. mgr.* Í [næstu tilvísun](#) til sömu úrlausnar nægir að vísa til *Göktan gegn Frakklandi, 5. mgr.* eða *Göktan-málsins, 5. mgr.* (2) Hafi úrlausn Mannréttindadómstólsins ekki verið birt í ársskýrslu hans skal tilvísun vera með eftirfarandi hætti: *Bélané Nagy gegn Ungverjalandi, 53080/13* (13. desember 2016). Í [næstu tilvísun](#) til sömu úrlausnar

nægir að vísa til *Bélané Nagy Gegn Ungverjalandi* eða *Bélané Nagy-málsins*. (3) Hið sama gildir um tilvísun til ákvarðana Mannréttindadómstólsins um meðferðarhæfi kæru, en þá skal tilgreina að um sé að ræða *ákvörðun* en ekki *dóm* dómstólsins með eftirfarandi hætti: *Bergsson gegn Íslandi*, 46461/06 (ákv. 23. september 2008). (4) Tilgreina skal sérstaklega ef um er að ræða úrlausn yfirdeildar dómstólsins með eftirfarandi hætti: *Ástráðsson gegn Íslandi*, 26374/18 (yfirdeild 1. desember 2020). (5) Vísa skal til úrlausna Mannréttindanefndarinnar fyrir 1998 á þann hátt sem tiltekið er í leiðbeiningum Mannréttindadómstólsins hér: https://www.echr.coe.int/Documents/Note_citation_ENG.pdf.

9. Þegar vísað er til gerða á sviði Evrópuréttar skal í fyrsta skipti tilgreina tegund gerðar (tilskipun eða reglugerð), númer, dagsetningu og heiti, sbr. t.d.: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á nánar tilgreindum tilskipunum. Í næstu tilvísun til sömu gerðar nægir að vísa til tilskipunar 2004/39/EB. Varðandi tilvísun til ákvæðis gerðar skal hafa hliðsjón af því sem greinir í lið 13 hér á eftir um tilvísun til settra laga. Þegar vísað er til gerðar í fyrsta skipti skal jafnframt tilgreina neðanmáls hvenær hún var birt, hvort hún hafi verið felld inn í EES-samninginn og þá hvenær hún hafi verið birt, svo og með hvaða hætti hún hafi verið tekin upp í íslenskan rétt, með svofelldum hætti: Tilskipun 2004/39/EB var birt í Stjórnartíðindum EB 30. apríl 2004, felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 29. apríl 2005 nr. 65/2005 og birt í EES-viðbæti Stjórnartíðinda 24. apríl 2008. Reglur tilskipunarinnar voru síðar teknar upp í íslenskan rétt með setningu laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, sem tóku gildi 1. nóvember 2007.
10. Til dómsúrlausna tveggja dómstóla sem heyra undir Dómstól ESB (nú *the Court of Justice* og *the General Court*, en áður en Lissabon-sáttmálinn 13. desember 2007 tók gildi 1. desember 2009 báru dómstólanir heitin *the European Court of Justice* og *the Court of First Instance*) skal í fyrsta skipti vísað með eftirfarandi hætti: Mál C-6/64, *Costa gegn ENEL*, EU:C:1964:66. Númerið sem þarna er stuðst við til auðkenningar er svokallað ECLI-númer (e. [European Case Law Identifier](#)). Í næstu tilvísun til sama dóms nægir að vísa til *Costa gegn ENEL* eða *Costa-málsins*. Þetta gildir óháð því hvort um er að ræða dómsúrlausn sem hefur verið birt í ársskýrslu Dómstóls ESB eða enn óbirtrar úrlausnar.
11. Hafi dómsúrlausn EFTA-dómstólsins verið birt í ársskýrslu hans skal fyrstu tilvísun til dómsúrlausnar EFTA-dómstólsins hagað með eftirfarandi hætti: Mál E-2/02, *Bellona gegn ESA* [2003] EFTA Ct. Rep. 52 (19. júní 2003). Í næstu tilvísun til sama dóms nægir að vísa til *Bellona gegn ESA* eða *Bellona-málsins*. Sé dómur enn óbirtur skal fyrstu tilvísun hagað með eftirfarandi hætti: Mál E-2/21, *Norep AS gegn Haugen Gruppen AS* (14. desember 2021), 43. mgr. Í næstu tilvísun til

sama dóms nægir að vísa til *Norep AS gegn Haugen Gruppen AS*, 43. mgr. eða *Norep-málsins*, 43. mgr.

12. Til annarra alþjóðlegra eða erlendra heimilda skal vísa á þann hátt sem viðtekið er af hálfu viðeigandi alþjóðastofnunar eða ríkis, t.d.: Tilvísun til dómsúrlausnar Hæstaréttar Noregs skal hagað svo, *Rt. 2005 bls. 1365*, mgr. 58, ef úrlausn hefur verið birt í dómasafni réttarins en *HR-2016-296-A*, mgr. 64–73, ef úrlausn er enn óbirt. Nauðsynlegt getur verið að útskýra tilvísun til heimildar þegar hún kemur fyrst fyrir og skal það þá gert innan sviga á eftir heimildartilvísun.
13. Til bóka skal vísað með eftirfarandi hætti í fyrsta skipti: Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur III: Sérvið skaðabótaréttar*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex 2020, 17–18; Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex 2. útg. 2019, 19–20. Næstu tilvísanir skulu vera með eftirfarandi hætti: Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *op.cit.*, 17–18; Björg Thorarensen, *op.cit.*, 19–20 (eða Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur III*, *op.cit.*, 17–18; Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, *op.cit.*, 19–20 ef vitnað er til fleiri heimilda eftir sama höfund).
14. Til tímaritsgreina skal vísað með eftirfarandi hætti í fyrsta skipti, þar sem tilgreina skal bæði upphafs- og lokasiðu greinar og tilvitnaða síðu: Krístrún Heimisdóttir: „Landfesti lýðræðis: Þýðing breytingarreglu stjórnarskrárinnar“. *Tímarit lögfræðinga* 2020, 369–408 (405). Næstu tilvísanir skulu vera með eftirfarandi hætti: Krístrún Heimisdóttir, *op.cit.*, 405 (eða Krístrún Heimisdóttir: „Landfesti lýðræðis“, 405 ef vitnað er til fleiri heimilda eftir sama höfund).
15. Ef um grein eða kafla í safnríti er að ræða skal vísa til hans með eftirfarandi hætti í fyrsta skipti: Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginatriði, skýring og beiting“ í *Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt* (ritstj. Davíð Þór Björgvinsson o.fl.), Reykjavík: Bókaútgáfan Codex, Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og Lagadeild Háskólans í Reykjavík 2. útg. 2017, 23–70 (34–35); Tryggvi Gunnarsson: „Landamerki fasteigna“ í *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur* (ritn. Katrín Jónasdóttir o.fl.), Reykjavík: Bókaútgáfa Orators 1994, 503–543 (536–537). Næstu tilvísanir skulu vera með eftirfarandi hætti: Davíð Þór Björgvinsson, *op.cit.*, 34–35 og Tryggvi Gunnarsson, *op.cit.*, 536–537 (eða Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu“, 34–35; Tryggvi Gunnarsson: „Landamerki fasteigna“, *op.cit.*, 536–537 ef vitnað er til fleiri heimilda eftir sama höfund).
16. Vísa skal með sama hætti og greinir í liðum 12–14 hér á undan til bóka, tímaritsgreina og greina eða kafla erlendra höfunda í safnrítum. Heiti erlends höfundar skal vera með þeim hætti að fyrst sé ritað eiginnafr. og síðan ættarnafn, sbr. John Finnis, Ronald Dworkin, Bernard Gomard o.s.frv. Ekki skal rita ættarnafn fyrst og síðan kenninafn.

17. Þegar vísað er til settra laga skal fyrst tilgreina númer og ártal og síðan fullt heiti þeirra. Tilgreina skal ákvæði laga nákvæmlega í samræmi við viðtekinn rithátt, t.d. 23. tölul. 2. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup eða 2. mgr. 9. gr. sömu laga. Sama gildir um tilvísun til stjórnvaldsfyrirmæla.
18. Til Alþingistíðinda sem prentuð hafa verið samkvæmt 1. mgr. 88. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis (til 136. löggjafarþings 2008–2009) skal vísa með eftirfarandi hætti: Alþt. 1993–1994, A-deild, bls. 3450. Hafi Alþingistíðindi ekki verið prentuð skal vísa til þeirra með eftirfarandi hætti og tilgreina þá sérstaklega blaðsíðutal í PDF-útgáfu þingskjalsins: Alþt. 2018–2019, A-deild, þskj. 596 — 436. mál (bls. 10–11). Til fyllingar þessu skal styðjast við [leiðbeiningar um tilvísun til Alþingistíðinda á vefsíðu Alþingis](#).
19. Til opinberra skýrslna, innlendra sem erlendra greinargerða o.s.frv. skal vísað í fyrsta sinn með eftirfarandi hætti: *Starfsskilyrði stjórnvalda: Skýrsla nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu*. Forsætisráðuneytið 1999, 5–10. Sótt 16. mars 2022 á https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/Skyrslur/F0033_Oll_skor.pdf. Næstu tilvísanir skulu vera með eftirfarandi hætti: *Starfsskilyrði stjórnvalda, op.cit.*, 5–10.
20. Til vefsíðna skal vísað í neðanmálsgreinum með eftirfarandi hætti: Vefsíða Dómstólasýslunnar. Sótt 16. febrúar 2022 á <https://domstolasyslan.is>. Að jafnaði skal stefnt að því að slóð vefsíðu verði ekki lengri en 25–30 tákn (í heild sinni). Ef um fleiri tákn er að ræða skal leitast við að stytta vefslóð, þó þannig að á þeirri slóð sem tilgreind er sé að finna nægjanlega tengla inn á þá slóð sem heimild vísar endanlega til. Ekki er heimilt að vísa til vefsíðna á borð við Wikipedia í Tímariti lögfræðinga.
21. Við tilvísun til annarra heimilda skal fylgja því sem greinir í liðum 1–19 hér á undan eftir því sem við á. Nauðsynlegt getur verið að útskýra tilvísun til heimildar þegar hún kemur fyrst fyrir og skal það þá gert innan sviga á eftir heimildartilvísun.

l) Frágangur heimilda í heimildaskrá

1. Í heimildaskrá skal tilvísun til heimildar innihalda allar bókræðilegar upplýsingar, líkt og í fyrstu tilvísun til heimildar neðanmáls, utan þess að tilgreina skal nöfn allra höfunda tilvitnaðrar heimildar með eftirfarandi hætti: Finn Arnesen, Ole-Andreas Rognstad, Olav Kolstad, Simen Hammersvik og Erling Hjelmeng: *Oversikt over EØS-retten*. Osló: Universitetsforlaget 2022.
2. Með eftirfarandi hætti skal tilgreina DOI-númer heimildar, sé því til að dreifa, og skal númerinu fylgja hlekkur: Finn Arnesen: „Om statens erstatningsansvar ved brudd på EØS-avtalen“. *Tidsskrift for Rettsvitenskap* 1997, 633–685. DOI:

<https://doi.org/10.18261/ISSN1504-3096-1997-04-03>. Hægt er að leita að DOI-númeri eftir titli, höfundum o.fl. hér, <http://search.crossref.org/>.

3. Í heimildaskrá skal ávallt vísa í upphafs- og lokasíðu tímaritsgreina: Krístrún Heimisdóttir: „Landfesti lýðræðis: Þýðing breytingarreglu stjórnarskrárinnar“. *Tímarit lögfræðinga* 2020, 369–408. Einnig skal vísa í upphafs- og lokasíðu greina eða kafla í safnríti en annars skal ekki vísa í blaðsíðutal bóka í heimildaskrá.

IV. VINNULAG EFTIR MÓTTÖKU GREINA, PRÓFARKALESTUR O.FL.

Þegar handrit hefur borist ritstjóra með rafrænum hætti er kannað hvort frágangur þess sé í samræmi við verklagsreglur. Telji ritstjóri að verulega skorti á að svo sé endursendir hann að jafnaði handrit til greinarhöfundar með ósk um úrbætur. Við sama tilefni tekur ritstjóri ákvörðun um hvort hafna skuli birtingu handrits, senda það í ritrýni sem *fræðilega grein* eða samþykkja það til birtingar og þá í flokkinum *aðrar greinar*. Þegar óskað er eftir því að grein verði birt sem fræðileg grein ákveður ritstjóri hver eða hverjir skuli ritrýna greinina í samræmi við ritrýnireglur, sjá kafla V hér á eftir. Greinarhöfundur fær ekki að vita hver eða hverjir ritrýna greinina.

Ef grein stenst ritrýni og ritstjóri ákveður í samræmi við niðurstöður ritrýnis, eins eða fleiri, að birta hana sem fræðilega grein, er handrit prófarkalesið. Ef prófarkalesari telur nauðsynlegt að leggja til verulegar lagfæringar á orðalagi textans, sem hafa að mati ritstjóra áhrif á efni greinar, eru tillögur prófarkalesara bornar undir greinarhöfund til samþykktar eða synjunar. Á þessu stigi er ætlast til að greinarhöfundur bregðist skjótt við. Ritstjóri gerir orðalagsbreytingar sem teljast minniháttar eða smávægilegar. Að svo búnu er handritið, ásamt öðrum greinum og efni í viðkomandi hefti tímaritsins, sent samtímis í umbrotsferli í prentsmiðju og frágang til útgáfu. Próförk greinar er borin undir greinarhöfund til samþykktar. Greinarhöfundur hefur skamman frest til að bregðast við eftir prófarkalestur og móttöku prófarkar. Umbrots- og prentferli tekur að jafnaði þrjár til fjórar vikur þar til hefti tímaritsins er sent til prentunar. Rétt fyrir útgáfu sérhvers heftis er sótt um DOI-númer fyrir greinar sem þar birtast hér <https://landsbokasafn.is/index.php?page=doi> og hlekkur síðan virkjaður þegar heftið er orðið aðgengilegt á vefsíðu útgefanda. Að jafnaði berst útgefið hefti til áskrifenda um tveimur vikum eftir að ritstjóri hefur samþykkt handritið til prentunar.

V. RITRÝNIREGLUR

Engin grein er birt undir heitinu *fræðileg grein* nema hún hafi staðist eftirfarandi kröfur um ritrýni:

A) Markmið ritrýni

Ritrýni er ætlað að tryggja fræðilegar kröfur en hún er einnig öðrum þræði þjónusta við greinarhöfunda og nauðsynlegur þáttur í því ferli að rita góða fræðigrein. Hver grein er metin af einum eða fleiri ritrýnum sem ritstjóri velur úr hópi sérfræðinga á því undirsviði lögfræðinnar sem greinin varðar. Ritstjóri tryggir nafnleynd greinarhöfundar gagnvart ritrýnum og öfugt.

B) Forsendur ritrýni og verklag

Þegar grein er metin af ritrýni er hugað að (1) frumleika hennar og framlagi til þekkingar á sviði lögfræði samkvæmt kröfum um inntak og gæði vísindarannsókna á háskólastigi. Áhersla er lögð á (2) nákvæmni, skýrleika fræðilegrar umfjöllunar og samræmi hennar við viðurkenndar rannsóknaraðferðir á sviði lögfræði. (3) Sérstaklega er lagt mat á hvort greinin hafi í heild sinni fræðilegt gildi, þ.e. hvort stefnt sé að því með viðurkenndum aðferðum að skapa nýja þekkingu á viðkomandi sviði innan lögfræðinnar.

Ritrýnir, einn eða fleiri, er valinn af ritstjóra vegna sérþekkingar sinnar á því sviði sem greinin fjallar um. Honum er fyrst og fremst ætlað að fara yfir fræðilegt innihald greinar í samræmi við áðurgreindar kröfur. Ritrýnir skilar athugasemdum sínum til ritstjóra á stöðluðu *matsblaði* sem aðgengilegt er á vefsíðu tímaritsins, þar sem annars vegar er gerð grein fyrir hvort greinin telst hæf til birtingar og hins vegar settar fram hugmyndir og tillögur um mögulegar úrbætur, t.d. athugun á fræðiskrifum eða úrlausnum úr réttarframkvæmd sem greinarhöfundur hefur ekki tekið afstöðu til. Umsögn ritrýnis á að vera nægilega nákvæm og skýr til þess að greinarhöfundur fái fullan skilning á gagnrýni, hugmyndum og tillögum ritrýnis. Athugasemdirnar eiga að vera eins uppbyggilegar og unnt er, jafnvel þó endanlegur dómur ritrýnis sé neikvæður. Ritrýnir skal gæta nærfærni því greinarhöfundar eru t.d. stundum ungir fræðimenn að stíga sín fyrstu skref á braut greinaskrifa og mikilvægt er að þeir upplifi það að fá viðbrögð við grein, hvort sem henni er hafnað eða ekki, sem jákvæða og lærdómsríka reynslu. Einnig er hvatt til þess að ritrýnir komi með tillögur um úrbætur og breytingar, jafnvel þó þeir telji greinina hæfa til birtingar. Sé grein hafnað er æskilegt að ritrýnir bendi á annan birtingarvettvang sem hentað gæti efninu með breytingum eða án. Ágætt er að ritrýnir dragi meginniðurstöður sínar saman í upphafi en komi síðan með nákvæmari útlistanir og athugasemdir. Ritrýnir er í þessu sambandi sérstaklega hvattur til þess að leggja til styttingar ef það er unnt án þess að fræðilegt innihald rýrni.

Ritrýnir skal gera tillögu til ritstjóra um hver þriggja eftirfarandi leiða verði valin:

- A) Greinin sé samþykkt til birtingar, ef til vill með minniháttar breytingum.
- B) Greinin verði hugsanlega samþykkt eftir að höfundur hefur gert á henni (jafnvel verulegar) breytingar.
- C) Grein hafnað alfarið til birtingar sem *fræðileg grein*.

Ef ritstjóri hefur ákveðið að tveir sérfræðingar annist ritrýni, og þeir eru ósamhljóða í mati sínu, þá ákveður ritstjóri hvaða afgangi viðkomandi grein fær. Ef grein fær dóm A hjá ritrýni, og er því samþykkt, ef til vill með minniháttar breytingum sem höfundur hefur gert í samræmi við tillögu ritrýnis og skýrt ritstjóra frá, mun ritstjóri að jafnaði hafa umsjón með því að greinin verði búin til birtingar í samvinnu við höfund og hlutverki ritrýnis er lokið. Ef ritrýnir veitir hins vegar dóm B, og greinin getur aðeins komið til birtingar eftir umtalsverðar lagfæringar, þá tekur ritstjóri ákvörðun um hvort hún sé send aftur til ritrýnis eftir að höfundur hefur brugðist við athugasemdum og greint ritstjóra frá lagfæringum. Ef ritrýnir veitir dóm C er greininni án undantekninga hafnað til birtingar sem *fræðileg grein*. Þá mun höfundur fá athugasemdir í hendur og ritrýnir mun ekki huga frekar að henni. Ritstjóri getur þá tekið þá ákvörðun, að höfðu samráði við greinarhöfund, að birta greinina í tímaritinu undir flokknum *aðrar greinar*.

VI. VÍSINDASIÐAREGLUR

Engin grein er birt í Tímariti lögfræðinga undir heitinu *fræðileg grein* nema hún uppfylli eftirfarandi kröfur um vísindasiðferði, sem byggja einkum á [Siðareglum háskólanna um vísindarannsóknir frá 5. nóvember 2020](#) og leiðbeiningum Elsevier um siðferði í útgáfustarfsemi:

Rannsóknir skulu unnar af heiðarleika, samkvæmt viðurkenndri vísindalegri aðferðafræði og með virðingu fyrir manneskjunni og velferð hennar að leiðarljósi. Rannsóknir á fólki skulu byggjast á upplýstu samþykki þátttakenda og rannsakendur skulu gæta að sjálfstæði gagnvart þátttakendum. Greinarhöfundi ber að meta áhrif á þriðja mann sem ekki er beinn þátttakandi í rannsókninni og forðast þau eftir bestu getu, t.d. í umfjöllun um einstakar dómsúrlausnir. Greinarhöfundur skal gæta í hvívetna að því að uppfylla áskilnað gildandi laga um persónuvernd.

Greinarhöfundi ber að gæta þess að rannsóknarverkefni sem unnið er fyrir verkkaupa, og birt er í heild eða að hluta í tímaritinu, hafi rannsóknarfrelsi hans að leiðarljósi og standist almennar aðferðafræðilegar og siðferðilegar kröfur. Greinarhöfundur gætir að sjálfstæði sínu gagnvart verkkaupa. Skylt er að upplýsa opinberlega um hvers konar fjármögnun rannsóknar. Þá skal greinarhöfundur setja rannsóknarniðurstöður fram á skýran hátt.

Greinarhöfundur skal fara að viðmiðum um vísindalega ráðvendni og viðhafa rétt og vönduð vinnubrögð. Ekki kemur til birtingar greina þar sem greinarhöfundur hefur sýnt af sér grófa vanrækslu og/eða ábyrgðarleysi við framkvæmd rannsóknar, né þegar hann hefur beitt vísvitandi blekkingu (uppspuna, villandi upplýsingum, ritstuldi og/eða misnotkun) við framkvæmdina. Faglegt mat greinarhöfundar skal vera málefnalegt og hlutlægt. Hið sama gildir um faglegt mat ritstjóra og ritrýna. Þeir einir sem hafa lagt eitthvað af mörkum til skjalfestingar, greiningar og ritunar

vísindalegs efnis og bera ábyrgð á því í heild sinni skulu skráðir sem meðhöfundar greinar.

VII. RÉTTINDI

Útgefandi tímaritsins, Lögfræðingafélag Íslands, heimilar greinarhöfundi að skrá greinina í opinber skjalasöfn eða vista hana á vefsíðu höfundar í þeirri gerð sem ritstjóri samþykkir og aðeins eftir útgáfu greinarinnar (þegar viðeigandi hefti tímaritsins er komið út). Greinarhöfundur er hvattur til að vista lokaútgáfu greinar, sem send var ritstjóra, því sú útgáfa verður líkust þeirri sem birtist í tímaritinu. Við vistun greinarinnar er greinarhöfundi frjálst að vísa til birtrar útgáfu greinarinnar með því að deila DOI-númeri hennar (og þar með vefslóð að greininni á vefsíðu Tímarits lögfræðinga þar sem hægt er að kaupa heftið af tímaritinu þar sem greinin birtist). Allar greinar sem birtast í tímaritinu eru gerðar aðgengilegar á vefsíðu þess og í gagnagrunni Fons Juris. Þá er greinarhöfundur hvattur til að vekja athygli á útgáfu greinarinnar á samfélagsmiðlum.

Þegar ritstjóri hefur samþykkt grein til birtingar er gengið út frá því að greinarhöfundur viðurkenni að útgefandi fari með rétt til útgáfu og miðlunar á grein hans, svo og að afla þurfi leyfis útgefanda fyrir því að greinarhöfundur semji við þriðja mann um frekari útgáfu greinarinnar. Komi til frekari útgáfu greinarinnar þarf greinarhöfundur jafnframt að tilgreina af nákvæmni hvar greinin birtist upphaflega.

Reykjavík, 14. febrúar 2024,

Sindri M. Stephensen